



Etanól arineldstæði

Síðustu ár hafa etanól arineldstæði notið vaxandi vinsældu í Evrópu. Evrópusambandið gerði rannsókn á öryggi þessarar tegundar arineldstæða og um leið hversu algeng notkun þeirra væri. Etanól arineldstæði eru hentug og ódýrari en aðrar gerðir arineldstæða. Það þarf ekki skorstein, þau má setja upp hvar sem er og auðvelt er að flytja þau milli staða. Þau eru hreinleg, lyktarlaus og mynda hvorki reyk né sót. Rannsókn ESB hefur leitt í ljós að neytendur þurfa að gæta betur að öryggismálum við notkun arineldstæðanna.

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Hætta á bruna, þar sem algengt getur verið að eldsneyti leki eða hellist niður, en einnig geta eldstæðin hitnað mikið og mögulegt er að skrufur eða festingar losni af veggjum.
- Hætta á bruna á fólki ef óvænt kviknar aftur í eldstæðinu og einhver kemur við heita hlutann eða eldstæðið losnar af veggjum.
- Hætta á eitrun vegna koltvísýrings sem myndast við brunann. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja súrefnisflæði við notkun eldstæðisins.




Viðskipti með gull




Starfsmenn Neytendastofu fóru og skoðuðu vogir sem notaðar eru í viðskiptum til að kaupa og selja gull. Til að tryggja að vogirnar vigti rétt eru þær löggildingaskyldar. Í úrtaki skoðunarinnar reyndist enginn vog vera löggilt. Í dag eru allir aðilarnir búnir að koma sínum málum á hreint. Neytendastofa hvetur þá sem eiga í slíkum viðskiptum að athuga hvort þær vogir sem eru notaðar hafi gilda löggildingu. Hægt er að sjá hvort vogin sé löggilt með því að skoða löggildingarmiða og athuga gildistíma.

Fræðslufundur um e-merkið og CE merkið



Þann 15. september s.l. hélt Neytendastofa fræðslufund um kosti þess að innlend fyrirtæki sem forpakka vörum í neytendaumbúðir notfæri sér að forpakka vörum í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 437/2009. Reglugerðin er innleiðing á reglum ESB og þeir sem afla sér viðurkenningar í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar geta sett svo nefnt e-merki við hlið þyngdamerkingar sem skylt er að setja á allar forpakkaðar vörur. Fundurinn var styrktur með s.n. TAIEX aðstoð ESB en þannig var unnt að bjóða hingað til Íslands tveimur erlendum sérfræðingum á þessu sviði. Innlegg þeirra voru áhugaverð og fræðandi. Á fundinum kynntu einnig Jónína Þ. Stefánsdóttir frá Matvælastofnun og Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu innlendar reglur sem gilda um þyngdamerkingar á forpökkuðum vörum. Fundinn sóttu alls um fimmtíu manns frá fyrirtækjum og stjórnvöldum. Glærukynningar frá fundinum má finna á heimasíðu Neytendastofu.



Þá var einnig haldinn fræðslufundur 29. nóvember um CE-merkið og lagalega þýðingu þess. Fundinn sótt alls um 120 manns. Á vettvangi ESB hafa nýjar reglur verið samþykktar um aukið og hert markaðseftirlit með CE-merkingum á vörum. Samhliða var ákveðið að kynna í öllum EES-ríkjum nánar hvaða lagaskyldur framleiðendur, innflytjendur og dreifingaraðilar hafa samkvæmt EES-reglunum. Vöruframleiðendur sem gæta að EES-reglum og framleiða og markaðssetja eingöngu löglegar vörur geta aflað starfsemi sinni mikilvægra viðskiptatækifæra á hinum fimm hundruð milljón manna markaði í Evrópu. Á fundinum voru flutt erindi um lagalega þýðingu CE-merkisins og hvernig íslenskir framleiðendur geti stigið sín fyrstu skref til að hafa löglega og fulla vottun á sinni vöruframleiðslu í samræmi við EES-reglur. Glærur frá þessum fundi má finna á heimasíðu Neytendastofu.

Ábending

Neytendastofa vill benda á að vikulega eru birtar á heimasíðu stofnunarinnar tilkynningar um hættulegar vörur á Evrópska efnahagssvæðinu.

Verum á verði og fylgjumst með

Sjá nánar á www.neytendastofa.is